

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Apríl 2018

Skráð atvinnuleysi var 2,3% í apríl

Skráð atvinnuleysi í apríl var 2,3% og minnkaði um 0,1 prósentustig frá marsmánuði. Að meðaltali fjölgaði um 368 á atvinnuleysisráð í apríl í ár frá apríl í fyrra (2017), en þá mældist skráð atvinnuleysi 2,1%.

Atvinnuleysi minnkaði um 0,1 prósentustig á landsbyggðinni svo og á höfuðborgarsvæðinu frá mars. Alls voru 2.217 karlar að jafnaði atvinnulausir í apríl og 1.974 konur og var atvinnuleysi 2,2% meðal karla (-0,2 prósentustig) og 2,4% meðal kvenna (-0,1 prósentustig). Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í apríl eða 3,0% og 2,4% á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi eystra.

Greiddar voru 908 milljónir í atvinnuleysistryggingar í apríl, 823 milljónir vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga, 57 milljónir vegna tekjutengdra trygginga og 28 milljónir vegna barnadagpeninga.

Alls fóru 650 einstaklingar af skrá í aprílmánuði, þar af 423 í vinnu eða um 65%. Þá voru 137 (21%) einstaklingar sem staðfestu ekki atvinnuleit í lok apríl eða mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal og voru því afskráðir.


Alls komu inn 182 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í apríl. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest störf verkafólks í iðnaði, landbúnaði og fleiru eða 49 störf.

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Í apríl tók 951 einstaklingur þátt í slíkum úrræðum.

Alls voru 1.359 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok apríl eða um 30% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 4,5% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara.

Í apríl 2018 voru 1.452 starfsmenn starfandi á vegum starfsmannaleiga á innlendum vinnumarkaði og er það í fyrsta sinn sem starfsmönnum starfsmannaleiga fækkar milli mánaða á fyrri hluta árs frá því uppgangur starfsmannaleiga hófst í lok 2015.

Skráð atvinnuleysi frá apríl 2016 til apríl 2018



Greining atvinnuleysis

Atvinnuleysi í apríl og horfur til næstu mánaða


Skráð atvinnuleysi í apríl mældist eins og fyrr segir 2,3% og var að jafnaði 4.191 einstaklingur á skrá í mánuðinum. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 112 á atvinnuleysissskrá frá mars. Hins vegar voru nú 368 fleiri á atvinnuleysissskrá en í apríl 2017.

Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í apríl eða 3,0% og 2,4% á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi eystra.

Mesta lækkun atvinnuleysis var á Norðurlandi eystra og Vestfirðum eða um 0,3 prósentustig frá mars. Minnsta atvinnuleysið var á Norðurlandi vestra 1,3%.

Atvinnuleysi eftir landshlutum



Alls voru 2.217 karlar að jafnaði atvinnulausir í apríl og 1.974 konur og var atvinnuleysi 2,2% meðal karla og 2,4% meðal kvenna. Atvinnuleysi var óbreytt milli ára hjá konum og var 2,4% eins og fyrr sagði en hefur aukist hjá körlum um 0,3 prósentustig frá apríl 2017 og var 2,2% í apríl í ár.

Alls voru 567 einstaklingar á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok apríl í ár sem samsvarar um 1,8% atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmennum hefur fjölgað frá apríl 2017 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldursbili var 512.

Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 922 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok apríl en voru 838 í apríllök 2017. Hefur þeim því fjölgað um 84 milli ára. Hlutfall langtímaatvinnulausra er svipað í apríl í ár og í fyrra (2017) og var um 20% af öllum á atvinnuleysissskrá.

Atvinnugreinar og starfsstéttir

Nokkur fækkun atvinnulausra var í upplýsinga – og fjarskiptastarfsemi frá apríl 2017 svo og í fiskveiðum.


Talsverð fjölgun atvinnulausra var í fræðslustarfsemi, mannvirkjagerð, gistinga- og veitingarstarfsemi frá apríl 2017.

Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum var fækkun meðal sérfræðinga á atvinnuleysissskrá milli ára en nokkur aukning var á fjölda atvinnulausra í flestum starfsstéttum.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 1.359 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok apríl eða um 30% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 4,5% atvinnuleysi meðal erlendra

ríkisborgara. Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá komu frá Póllandi eða 764, sem er um 56% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá.



Horfur til næstu mánaða

Gera má ráð fyrir að atvinnuleysi fari að minnka í maí þegar vaxandi árstíðaumsvif verða í ýmsum atvinnugreinum, byggingariðnaði, gistingu- og veitingastarfsemi, o.fl. Gera má ráð fyrir að skráð atvinnuleysi minnki í maí verði á bilinu 2,0-2,2%.


Þjónusta við atvinnuleitendur

Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru 650 einstaklingar af skrá í aprílmánuði, þar af 423 í vinnu eða um 65%. Þá voru 137 (21%) einstaklingar sem staðfestu ekki atvinnuleit í lok apríl eða mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal og voru því afskráðir. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu. Þá voru 17 (3%) einstaklingar sem fóru af skrá vegna þess að þeir fóru í vinnumarkaðsúrræði. Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra sem eftir standa, 14 fóru í fæðingarorlof, 13 voru óvinnufærir og fóru einhverjir þeirra í starfsendurhæfingu eða önnur endurhæfingarræði og 5 höfðu fullnýtt bótarétt sinn.

Ástæður þess að fólk fór af atvinnuleysissskrá í apríl 2018



Karlar voru 56% þeirra sem afskráðust í apríl. Mun fleiri karlmenn en konur afskráðust vegna þess að þeir fóru í vinnu eða tæp 60%. Um 74% afskráðra, eða 478 manns, höfðu verið atvinnulausir í innan við hálf tveim árum og 16% (105 manns) í 6 til 12 mánuði. Um 10% (67 manns) höfðu verið atvinnulausir lengur en eitt ár. Stærstur hluti afskráðra var ungt fólk á aldrinum 18-29 ára (34%) og svo fólk á aldrinum 30-39 ára (30%).

Margir þeirra sem fóru í starf nýttu sér þjónustu vinnumiðlunar Vinnumálastofnunar við atvinnuleitina. Sumum var miðlað beint í starf af atvinnuráðgjafa, aðrir fengu ráðgjöf og urðu sér út um starf á eigin spýtur. Enn aðrir voru einungis skráðir atvinnulausir og fundu sér starf án nokkurrar aðstoðar.

Auglýst störf í vinnumiðlun í apríl

Alls komu inn 182 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í apríl. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest störf verkafólks í iðnaði, landbúnaði og fleiru eða 49 störf. Þá voru auglýst 44 störf verkafólks í þjónustu af ýmsu tagi s.s við ræstingar og þvotta o.fl. Um 48% þessara starfa voru á höfuðborgarsvæðinu, 16% á Norðurlandi eystra og 12% á Suðurnesjum. Um 24% voru annars staðar á landinu.


Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	32	18%
Þjónustustörf	26	14%
Afgreiðslustörf	13	7%
Iðnaðarmenn	11	6%
Bílstjórar og vélafólk	7	4%
Verkafólk í þjónustu	44	24%
Verkafólk í iðnaði, landbúnaði ofl.	49	27%
Samtals	182	100%

Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Í apríl tók 951 einstaklingur þátt í slíkum úrræðum.


Af þessum 951 voru 275 í ýmiss konar grunnúrræðum, en grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitar-námskeið, ferilskrágerð, markmiðasetningu og sjálfstyrkingu. Þá voru 462 manns á ýmiss konar námskeiðum, í flestum tilvikum var þar um að ræða íslensku-námskeið fyrir útlendinga og tölvunámskeið en einnig ýmis starfstengd námskeið og bókhaldsnámskeið.

vinnumarkaðsúrræðum, m.a. við ýmiss konar starfsþjálfun og í frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana.



Atvinnuleit og flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í apríl voru gefin út 52 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 36 einstaklingar, 16 einstaklingar fóru til 10 annarra ríkja. Það sem af er ári hefur verið gefið út 131 slíkt vottorð, flest til Póllands eða 67%.



Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til

FÆÐINGARORLOFSSJÓÐUR GREIDDI

943 milljónir


í apríl

til 3.168 mæðra og 1.097 feðra

Alls voru 85 einstaklingar í námi á framhalds- eða háskólastigi, flestir þeirra voru á aldrinum 18-29 ára (41%). Um 35% voru á aldrinum 30-39 ára. Þeir sem eftir standa voru eldri.

Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í apríl unnu 29 einstaklingar að slíkri hugmynd, 17 konur og 12 karlar. Þá voru 70 einstaklingar í starfstengdum

annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í apríl var gefið út 51 U1 vottorð og líkt og undanfarna mánuði voru flest vottorðin gefin út til Póllands (24). Fimm voru gefin út til Slóvakíu, fjögur til Tékklands og 18 til átta annarra ríkja. Það sem af er ári hafa verið gefin út 347 U1 vottorð þar sem ríflega helmingurinn var til Póllands.




Útlendingar

Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði

Áframhaldandi fjölgun umsókna um atvinnuleyfi

Í apríl gaf Vinnumálastofnun út 112 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Samtals hefur Vinnumálastofnun gefið út 638 atvinnuleyfi það sem af er árinu 2018. Af útgefnum leyfum í apríl voru 60 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, 35 framlengd leyfi, eitt á grundvelli þjónustusamnings og 16 leyfi til námsmanna.

Það sem af er ári hefur Vinnumálastofnun lokið afgreiðslu 744 umsókna um atvinnuleyfi. Af þeim hafa 638 atvinnuleyfi verið veitt, 79 umsóknum verið synjað og 27 lokið með því að fallið hefur frá umsókn. Þá hefur Vinnumálastofnun afturkallað 16 leyfi það sem af er ári.



Í fyrsta sinn í þrjú ár fækkar starfsmönnum starfsmannaleiga milli mánaða á fyrri hluta ársins


Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru alls 35 erlend fyrirtæki starfandi í apríl 2018 með samtals 226 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra sem erlendra, samtals 1.415 í apríl á vegum 28 starfsmannaleiga.

Af þeim 32 starfsmannaleigum, sem voru starfandi á Íslandi í apríl, voru 21 innlendar og 11 erlendar. Innlendu starfsmannaleigurnar höfðu 1.412 starfsmenn á sínum vegum en hinar erlendu 40 starfsmenn. Starfsmenn starfsmannaleiga starfa því að mestu hjá innlendum starfsmannaleigum líkt og verið hefur. Þeir starfsmenn sem starfa hjá erlendum starfsmannaleigum teljast vera útsendir starfsmenn (e. posted workers), líkt og þeir starfsmenn sem starfa hjá erlendum þjónustufyrirtækjum. Í apríl störfuðu því samtals 256 útsendir starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði.

Í apríl 2018 voru 1.452 starfsmenn starfandi á vegum starfsmannaleiga á innlendum vinnumarkaði. Í mars 2018 voru hins vegar 1.596 starfsmenn starfandi á innlendum vinnumarkaði. Hér er rétt að nefna að því miður var fjöldi starfsmanna á vegum starfsmannaleiga ofreiknaður um 200 í mars skýrslu Vinnumálastofnunar. Hefur því starfsmönnum á vegum starfsmannaleiga fækkað um tæplega 150 milli mánaða. Er þetta í fyrsta sinn sem fækkun á sér stað milli mánaða á fyrri hluta árs frá því að núverandi uppgangur hjá starfsmannaleigum hófst í lok árs 2015.

Rekja má framangreinda fækkun einkum til þess að ein starfsmannaleiga með um 300 starfsmenn hætti starfsemi í mars á þessu ári.



ÁBYRGÐARSJÓÐUR LAUNA GREIDDI 55 launamönnum

vangoldin laun vegna gjaldþrota fyrirtækja í apríl

Sjá nánar tölulegar upplýsingar á [mælaborði](#) Vinnumálastofnunar og í [excelskjöllum](#).

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistöður út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnþáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.